

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: Viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Dagsetning: 19.08.2010
Málsnúmer: EVR09100102
Bréfalykill: 3.1

Efni: Tillögur ráðuneytisins að breytingum á frumvarpi til laga um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta

Í kjölfar fundar viðskiptanefndar með fulltrúum ráðuneytisins þann 17. þ.m. leggur ráðuneytið til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. Við 2. gr. bætast þrjú nýir töluliðir, svohljóðandi:
 - a) 10. *Peningamarkaðsinnlán*: Fjárfestingarkostur fjármálafyrirtækis sem býður viðskiptavini hærri vexti en bjóðast með almennum sparifjárfestingum og er bundinn skilyrðum, t.d. varðandi lengd binditíma, lágmarksfjárhæð og/eða úttekt/innlausn.
 - b) 11. *Heildsöluinnlán*: Innlán fjármálafyrirtækja, félagasamtaka og stofnana þar sem miðlari á peningamarkaði semur um kjör og tímalengd viðkomandi innlána. Slík innlán standa almennum sparifjárfestingum almennt ekki til boða, þau hafa ekki staðlaða skilmála heldur er samið um þá í hveitjum tilvikum fyrir sig.
 - c) 12. *Safnreikningar*: Bigin reikningur fjármálafyrirtækis þar sem fjármálagemningar eða hlutdeild viðskiptavinar er skráð. Inneign á safnreikningum telst ekki til innstæðu nema annað leiði af lögum þessum þar sem ekki er um að ræða sérgreindan reikning í eigu innstæðueiganda.

Skýringar:

Þar sem í skilgreiningunni á innstæðu í 2. tölul. 2. gr. er að finna upptalningu á nokkrum fjármálaafurðum sem ekki teljast til innstæðu í skilningi frumvarpsins er lagt til að umræddar fjármálaafurðir verði skilgreindar sérstaklega í frumvarpinu. Ráðuneytið vill koma því á framfæri að rétt sé að ítreka í álit nefndarinnar að þau fjármálafyrirtæki, önnur en innlánsstofnanir, sem taka við fjármunum neytenda til varðveislu og ávöxtunar upplýsi viðkomandi viðskiptamenn um það hvort þeir fjármunir njóti verndar tryggingakerfisins.

2. Í stað 1. og 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. komi tveir nýir málsliðir, svohljóðandi:

Efnahags- og viðskiptaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins og ákveður þóknun stjórnar. Skal einn stjórnarmaður skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður, einn stjórnarmaður skal tilnefndur af Seðlabanka Íslands og einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Skýringar:

Með því að tveir stjórnarmanna séu skipaðir af ráðherra án tilnefningar skapast mikil tengsl á milli ríkisins og stjórnar Tryggingarsjóðs. Slíkt getur dregið úr vægi sjóðsins sem sjálfstæðrar og óháðrar

stofnunar. Því er lagt til að sú breyting verði gerð á 4. gr. frumvarpsins að einn stjórnarmaður verði skipaður án tilnefningar og verði sá jafnframt formaður sjóðsins en að utanaðkomandi aðilar tilnefni tvo stjórnarmenn. Lagt er til að Seðlabanki Íslands og samstarfsnefnd háskólastigsins skipi hvor um sig einn stjórnarmann. Með því að gefa samstarfsnefnd háskólastigsins kost á því að tilnefna einn stjórnarmann er leitast við að tryggja að fræðilegum sjónarmiðum og um leið hagsmiðum hins almenna sparifjareigenda sé haldið á lofti enda er meginúlgangurinn með innstæðutryggingakerfi að tryggja hagsmuni sparifjareigenda.

3. Við 10. gr.:

a) 3. mgr. 10. gr. verði svohljóðandi:

„Auk iðgjalds skv. 2. mgr. greiðir innlánsstofnun breytilegt iðgjald fyrir hvert prósentustig unfram 10% af heildarinnstæðum allra innlánsstofnana sem eru í vörslu viðkomandi innlánsstofnunar. Iðgjald þetta skal nema 0,016% á ársgrundvelli, eða 0,004% á ársfjórðungslegum gjaldddaga fyrir hvert prósentustig sem er unfram 10%.“

b) 4. mgr. 10. gr. verði svohljóðandi:

„Auk iðgjalds skv. 2. og 3. mgr. greiðir innlánsstofnun breytilegt iðgjald í samræmi við áhættustuðul sem gefinn skal hverri einstakri innlánsstofnun þar sem vægi eiginfjáruppbyggingar og eiginfjárstyrks skal nema 35% af stuðlinum, vægi fjármögnunar- og rekstrarþátta 45% og vægi áhættudreifingar 20%. Fjármálaeftirlitið reiknar út áhættustuðul hverrar innlánsstofnunar og tilkynnir sjóðnum um breytingar á áhættustuðli þegar slíkar breytingar eru gerðar. Áhættustuðull skal lægst hafa gildið 0 en hæst gildið 1 og skal iðgjald skv. 2. mgr. margfaldað með stuðli viðkomandi innlánsstofnunar.“

c) Við bætist ný málsgrein, sem verður 5. mgr. 10. gr., svohljóðandi:

„Sjóðnum er heimilt að innheimta iðgjöld í þeirri mynt sem innstæða er í.“

Skýring við a) og b):

Athygli ráðuneytisins var vakin á því að orðalag 10. gr. mætti bæta þannig að ljóst væri að hið almenna iðgjald (skv. 2. mgr.) greiðist aðeins af þeim innstæðum sem njóta verndar tryggingakerfisins samkvæmt frumvarpinu. Því sé ekki gert ráð fyrir að greitt sé iðgjald af þeim innstæðum sem eru undanskildar tryggingu skv. 14. gr. frumvarpsins. Hins vegar er gert ráð fyrir því að hin áhættuvegnu iðgjöld skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins, þ.e. hið markaðshlutdeildartengda (3. mgr.) og það sem er lagt á samkvæmt áhættustuðli (4. mgr.) séu lögð á óháð því hvort innstæður í viðkomandi innlánsstofnun séu undanþegnar vernd skv. 14. gr. Ástæða þessa er sú að áhætta tryggingakerfisins eykst með aukinni markaðshlutdeild og hærri áhættustuðli og því ekki óeðlilegt að leggja viðbótariðgjöld á þær innlánsstofnanir sem uppfylla skilyrði 3. og 4. mgr.

Skýringar við c):

Lagt er til að tekið verði fram í 10. gr. að sjóðnum sé heimilt að taka við iðgjaldagreiðslum í þeirri mynt sem innstæða sem nýtur tryggingar er í.

Í raun er aðeins um að ræða áréttingu á þeim skilningi sem lagður hefur verið í orðalag greinarinnar en það leiðir í raun af sjálfu sér að iðgjald skuli greitt þeirri mynt sem innstæða er í. Þessi breyting tengist jafnframt orðalagi 12. gr. þar sem fram kemur að sjóðnum sé heimilt að endurgreiða andvirði innstæðu í íslenskum krónum

4. Við 30. gr. 1. másl. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2010 en þó öðlast ákvæði 15. gr. gildi 1. janúar 2011.

Skýring:

Leiðir af þeirri seinkun sem orðið hefur á afgreiðslu frumvarpsins.

5. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Drátt fyrir ákvæði 30. gr. getur ráðherra skipað stjórn sjóðsins fyrir 1. október 2010 í samræmi við lög þessi.

Um greiðslur iðgjalda vegna ársins 2009 fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 98/1999. Um greiðslur iðgjalda vegna fyrstu níu mánaða ársins 2010 fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 98/1999 og skulu aðildarfyritæki greiða þrjá fjórðu hluta áætlaðs ársiðgjalds eigi síðar en 31. október 2010.

Drátt fyrir ákvæði 10. gr. skal fyrsti gjalddagi iðgjalds skv. 2. mgr. 10. gr. vera síðasti virki dagur febrúarmánaðar 2011, vegna ársfjórðungsins október– desember 2010, og fyrsti gjalddagi iðgjalda skv. 3. og 4. mgr. 10. gr. skal vera síðasti virki dagur febrúarmánaðar 2011.

Þangað til ákvæði 15. gr. öðlast gildi, sbr. 30. gr., skulu tímafrestir sjóðsins til útborgunar fara samkvæmt lögum nr. 98/1999.

Skýring:

Þessa breytingu má rekja til þeirrar seinkunar sem orðið hefur á afgreiðslu frumvarpsins.

6. Ákvæði til bráðabirgða III. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo:

Ákvæði laga nr. 98/1999 um útgáfu og greiðslu ábyrgðaryfirlýsinga vegna fyrstu níu mánaða ársins 2010 og fyrri ára halda gildi sínu óháð því hvort ábyrgðaryfirlýsingar hafa borist sjóðnum.

Skýring:

Þessa breytingu má rekja til þeirrar seinkunar sem orðið hefur á afgreiðslu frumvarpsins.

